

MINNISBLAÐ – MEGINÞÆTTIR SAMKOMULAGS SUÐURORKU OG NÆRSSAMFÉLAGS VEGNA BÚLANDSVIRKJUNAR

INNGANGUR

1. Minnisblað þetta lýsir meginþáttum samkomulags Suðurorku og landeigenda í Skaftártungu, Skaftárdals og Ár vegna Búlandsvirkjunar 150 MW vatnsaflsvirkjunar í Skaftártungu. Í skjalinu eru helstu réttindi og skyldur samninga sem aðilar þurfa að gera kynntar. Skjal þetta er unnið í samvinnu Suðurorku og stjórnar Veiðifélags Skaftártungumanna (VFS). Af skjalinu eiga þeir sem málið að geta séð hvernig samkomulag milli Suðurorku og eigenda lands- og vatnsréttinda myndar greiðsluflæði á rekstrartíma virkjunar til nærsamfélags.
2. Búlandsvirkjun byggir á vatnsöflun þar sem vatni Skaftár er safnað í einn farveg við Rótarhólma, þaðan er bróðurpartur vatnsins leiddur í vestari farveg Skaftár og þaðan yfir í farveg Syðri Ófæru. Við Tólfahringa er vatninu veitt um göng og skurð inn á Þorvaldsaura. Þar yrði myndað lón með stíflu í Rásgljúfri. Vatnið yrði virkjað með um 190 m fallgöngum í Réttarfelli og loks er vatninu skilað um göng í vestari farveg Skaftár neðan Búlands. Við Sjónarhól verður rennsli Skaftár deilt milli Skaftár með Síðu og Ása-Eldvatns í sama magni og nú er. Hæð vatnsborðs lóns er stýrt með innrennsli í göng við inntakslón í farvegi Syðri Ófæru og því verður ekki rennsli jökulvatns til Tungufljóts.
3. Nærsamfélag Búlandsvirkjunar er afmarkað landfræðilega af Skaftártungu, Skaftárdal og Á.
4. Samkomulagið byggir á eftirfarandi vinnu nærsamfélags: Undirbúningshópur (Sigfús, Heiða Guðný, Jón Geir og Elín Heiða) lagði til að félagsfundur VFS tæki ákvörðun um hvernig ætti að nálgast málefni Búlandsvirkjunar. Félagsfundur VFS hinn 20-1-2014 skipaði starfshóp (Sigfús, Valur, Jón Geir og Auður) sem rýndi frummatsskýrslu og lagði greiningu áhrifaþátta virkjunar fyrir félagsfund VFS 27-8-2014. Fundurinn fól nýjum hópi (Sigfús og Valur) að finna lausnir á þeim áhrifaþáttum sem greindir höfðu verið. Vinnuhópurinn lagði til lausnir og mótvægisáðgerðir á fundi 23-9-2015. Á þeim fundi var stjórn VFS falið að fjalla um sameiginlega hagsmuni nærsamfélags á þeim grunni sem lagður hafði verið.

VERKEFNIÐ

1. Suðurorka ehf, framkvæmdaaðili Búlandsvirkjunar, er í jafnri eigu HS Orku hf og ÍOV ehf.
2. Suðurorka, yfirtók árið 2009 samninga ÍOV ehf við eigendur Búlands frá árinu 2008 og við eigendur Skaftárdals frá árinu 2009 um rannsóknarleyfi og virkjunarréttindi í ám þeirra og löndum.
3. Árið 2010 fékk Suðurorka rannsóknarleyfi, Orkustofnunar, á vatnasviðum Skaftár og Tungufljóts.
4. Árið 2011 var Búlandsvirkjun sett inn á aðalskipulag Skaftárhrepps.
5. Búlandsvirkjun er til mats í þriðja áfanga rammaáætlunar.
6. Í samningum Skaftárdals og Búlands er kveðið á um að 3-10% heildartekna af raforkusölu undangengins árs muni renna til að greiða fyrir nauðsynleg réttindi fyrir Búlandsvirkjun.
7. Suðurorka þróaði með eigendum Búlands og Skaftárdals framangreindan samning svo hann hentaði einnig fyrir réttindi sem Suðurorka hefur ekki samning um nú þegar. Í þeirri vinnu höfðu eigendur Búlands forgöngu um að setja ákvæði um styrkingu búsetu í nærsamfélagi í samninginn. Þeir samningar eru til 65 ára.
8. Réttindi og skuldbindingar sem fjallað er um í þessu minnisblaði verða sett fram í framangreindum réttindasamning.

VATNSRÉTTINDI

1. Suðurorka þarf á vatnsréttindum í Skaftá, Syðri-Ófæru og Tungufljóti að halda.
2. Mannvit mat vatnsréttindi fyrir landi hveðrar jarðar og skilaði arðskrá vatnsréttar fyrir landeigendur.
3. Hlutur í arðskrá vatnsréttinda veitir landeigendum tilkall til 64% árlegra heildargreiðslu.

LANDSRÉTTINDI

1. Suðurorka þarf á landi að halda undir lón og mannvirki. Auk þess var ákveðið að fara að tillögu vinnuhóps VFS um að meta til landnota það land sem vannýtist við Tungufljót ef girða þarf með ánni til að hindra ráp sauðfjár. Komi til þess verður arðskrá lands endurreiknuð en óvissan er ekki veruleg.
2. Við ákvörðun á landi sem telst til landnota eru notaðar aðferðir sem eru í landeigendasamningum Búlands og Skaftárdals.
3. Mannvit mat umfang lands sem hver jörð þarf að leggja til Búlandsvirkjunar og birti í arðskrá lands en eftir henni verður skipt 16% árlegrar heildargreiðslu.

NÆRSAMFÉLAG

1. **Framtíðarlausn á búfjárbeit.** Suðurorka kostar alla uppgræðslu sem þarf að fara í vegna tapaðs beitilands vegna mannvirkja virkjunar, s.s. ræktunar molda frá byggð í lón. Suðurorka greiðir stofnkostnað af beitargirðingum austan Skaftár kjósi Tungumenn að leigja sér beitarhólf þar. Beitarleigu og viðhald girðinga greiða heimamenn.
2. **Hindra ráp sauðfjár yfir Skaftá.** Suðurorka greiðir stofnkostnað og rekstrarkostnað girðinga til að hindra ráp sauðfjár yfir Skaftá, gerist þess þörf.
3. **Fastar árlegar bætur á býli.** Hlut nærsamfélags í heildargreiðslu er skipt á milli beinna greiðslna til ábúenda jarða í nærsamfélagi og kostnaðar við samfélagsleg verkefni, kjósi nærsamfélagið að standa saman að verkefnum.
 - Suðurorka greiðir til nærsamfélags 20% af heildargreiðslu í Þróunarsjóð Skaftártungu (ÞS).
 - Markmið Þróunarsjóðsins er að bæta búsetuskilyrði og skapa betra samfélag í nærsamfélagi Búlandsvirkjunar.
 - Suðurorka hefur umsjón með ÞS í umboði fulltrúaráðs nærsamfélags Búlandsvirkjunar í samræmi við markmið ÞS og eftirfarandi reglur.
 - Í fulltrúaráði nærsamfélags sitja ábúendur jarða sem gert hafa samning um land- eða vatnsréttindi fyrir Búlandsvirkjun með jafnt vægi atkvæða.
 - Við hækkun framlags til sjóðsins, á 5 ára fresti, getur 2/3 hluti fulltrúaráðs breytt fyrirkomulagi Þróunarsjóðsins.
 - **Til samfélagslegra verkefna** sem nýtast öllum í nærsamfélagi er varið 1/5 hluta af árlegum tekjum Þróunarsjóðsins. Óráðstafað fé til samfélagslegra verkefna rennur beint á býli.
 - Samfélagsleg verkefni eiga að nýtast nærsamfélagi og jafnvel öllum hreppnum. Til stærri samfélagsverkefna má ráðstafa fé til nokkura ára fram í tímann.
 - Landeigendur og ábúendur í nærsamfélagi leggja inn umsókn um fjármagn til samfélagslegra verkefna. Umsjónaraðili ÞS/Suðurorka mun undirbúa ákvarðanir um sameiginleg verkefni skulu teknar á lýðræðislegan hátt s.s. með íbúakosningum.
 - **Til jafnra greiðslna til ábúenda lögbýla** í nærsamfélagi renna 4/5 hlutar af árlegum greiðslum Þróunarsjóðsins.
 - Miðað við lögbýlaskrá ársins 2014 myndu ábúendur á: Búlandi, Ljótastöðum, Hvammi 1, Gröf, Borgarfelli 1 og 3, Úthlíð, Austurhlíð, Ytri-Ásar/Ásar, Snæbýli 1, Snæbýli 2, Hemra, Múli, Giljaland, Flaga 1 og Flaga 2 fá jafnar greiðslur.

- Verði hafin ábúð á lögbýlunum Hlíð, Skaftárdal, Svínadal, Hrífunesi og/eða Hemrumörk munu ábúendur þeirra fá greiðslur en ekki lögbýlin, sem voru stofnuð sem smábýli, Litla-Hlíð, Borgarfell 2 og Hrífunes lóð.
 - Ábúendur tvísetinna lögbýla t.d. hjón sem bæði eru skráð sem ábúendur, skipta með sér einni greiðslu, sama gildir um lögbýli sem skipt er eftir gerð þessa samnings. Séu fleiri ábúendur á jörðum skal sá sem sannanlega hefur búsetu á jörðinni njóta greiðslunnanna umfram þann sem einungis hefur lögheimili sitt á lögbýlinu.
 - Fari jörð úr ábúð missir jörðin tilkall til greiðslu þar til ábúð hefst að nýju.
4. **Tryggja Hólaskjól fyrir viðbótaráhættu vegna flóða.** Suðurorka ábyrgist tjón á Hólaskjólum sem gæti orðið ef ár flæða yfir bakka og tilkoma virkjunar er ástæða tjónsins.
 5. **Efling beitolanda.** Með opnun nýs beitolands austan Skaftár verða sköpuð skilyrði til að styrkja stöðu sauðfjárhalds með hliðsjón af gæðastýringu.

TUNGUFLJÓT

1. **Tryggðar bætur fyrir tapaðar veiðitekjur** – Suðurorka tekur Tungufljót á leigu við upphaf framkvæmda og út samningstíma leigusamnings um landnot og vatnsréttindi. Leigugjaldið er miðað við leigu ársins 2015 og verður verðbætt miðað við vísitölu sjálfbærna sjóbirtingsáa á Suðurlandi. Tungufljótsdeild Veiðifélags Kúðafljóts getur þó leigt ána til annars leigutaka en framangreint tilboð Suðurorku mun standa til boða (valréttur) og eru aðilar sammála um framangreinda afmörkun bóta.
2. **Hlutdeild í hækkandi framtíðartekjum af veiði.** Sjá punkt 1.
3. **Hindra ráp sauðfjár um árfarveg með girðingu.** Suðurorka mun greiða stofnkostnað við girðingu Tungufljóts og halda henni við. Land sem vannýtist vegna girðinga verður tekið sem hluti af landnotum virkjunar.
4. **Meta áhrif á malartekju úr farvegi fljótsins.** Bætur vegna hugsanlegra áhrifa á malartekju reyndust umfangslitlar og eru innifaldar í bótum á býli.

AURBURÐUR, FOK OG LANDROF

1. **Stofnað verði fagrúð sem í sitja opinberir aðilar ásamt hagsmunaaðilum** – Suðurorka mun standa fyrir stofnun fag- og samráðshópa með þátttöku fulltrúa nærsamfélags og fagstofnana ríkisins.
2. **Ábyrg vöktun samkvæmt aðgerðaráætlun** – Vöktunaráætlun verður unnin fyrir þessa áhrifaþætti áður en rekstur virkjunar hefst.
3. **Tryggja fjármögnun** - Suðurorka kostar allar framkvæmdir sem þarf að fara í vegna aurburðar, foks og landrofs af völdum virkjunar.

FRAMKVÆMDATÍMI 3-4 ÁR

Á framkvæmdatíma stendur Suðurorka straum af kostnaði við eftirfarandi þætti. Til útfærslu þeirra og ákvarðanatöku verður stofnaður samráðshópur Suðurorku og nærsamfélags en einnig mun sveitarstjórn koma að málum sem leyfisveitandi við gerð deiliskipulags og veitingu framkvæmdaleyfa:

1. **Áburðargjöf á beitoland** – Borið verður á beitolönd til að minnka áhrif á beit á framkvæmdatíma.
2. **Staðsetning vinnubúða og annarra bráðabirgðamannvirkja í samráði við heimamenn.** Stofnaður verður samráðshópur þar sem farið verði yfir þessi málefni.
3. **Frágangur lands í samræmi við landeigendasamninga og deiliskipulag.** - Suðurorka mun ganga frá því landi sem raskað verður og skilmálar kveða á um.

4. **Áhrif metin á gæðastýringu** - Hafi aðgerðir á framkvæmdatíma áhrif á gæðastýringu í landbúnaði mun Suðurorka koma að lausn slíkra þátta.
5. **Fagráð sem í sitja hagsmunaaðilar** - Suðurorka mun stofna fagráð hagsmunaaðila á framkvæmdatíma.

ÁÆTLAÐAR GREIÐSLUR

Í eftirfarandi töflu gefur að líta hvernig hlutdeild heildargreiðslu hækkar á rekstrartíma virkjunar, ásamt áætlun um greiðslur til arðskrár fallorku, landnota og nærsamfélags miðað orkuverð Landsvirkjunar á síðasta ári og orkuvinnslu eins og hún er kynnt í rammaáætlun. Greiðslur eru 100% tengdar raforkuverði á hverjum tíma og taka breytingum með hækkun raforkuverðs. Allar upphæðir eru í einingunni milljónir króna á ári.

Áætlaðar árlegar greiðslur til nærsamfélags og rétthafa, samkvæmt lausn, í milljónum króna								
Tímabil		1-5 ár	6-10 ár	11-15 ár	16-20 ár	21-25 ár	26-30 ár	31-65 ár
Hlutdeild í raforkusölu		3%	4%	5%	6%	7%	8%	10%
Samtals	100%	136	182	227	273	318	364	455
Fallorka	64%	87	116	145	175	204	233	291
Landnot	16%	22	29	36	44	51	58	73
Nærsamfélag	20%	27	36	45	55	64	73	91

NIÐURLAG

Í þessu minnisblaði er farið yfir meginþætti samkomulags þess sem Suðurorka og nærsamfélag Búlandsvirkjunar vinna að í sameiningu.

- Þar sem um talsvert flókna samninga er að ræða var ákveðið að framkvæmdastjóri Suðurorku kynnti landeigendum efni minnisblaðsins
- Með undirritun minnisblaðsins heimilar viðkomandi landeigandi stjórn VFS að ganga frá samningi á grundvelli þess.
- Þegar Suðurorka og stjórn VFS hafa gengið frá samningi mun Suðurorka kosta yfirferð lögmanns yfir samninginn fyrir undirritun landeigenda.
- Ábúendur á ríkisjörðunum Snæbýli 1 og Ytri-Ásar rita undir samkomulag þetta til að staðfesta stuðning sinn við þá sátt sem í minnisblaðinu er kynnt. Ríkisstjóður mun rita undir réttindasamning.